

## 16. gr.

Sveitarfélag getur fengið heimild skattstjóra til að greiða virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári vegna þeirrar starfsemi sem skattskyld er skv. 4. gr. ef skattverð, ákvarðað skv. 5. mgr. 4. gr., er lægra en 400 000 kr. á ári. Fallist skattstjóri á umsókn sveitarfélags skal skila skýrslunni á gjalddaga síðasta uppgjörstímabils ársins.

## 17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

## 18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 3. gr., 23. gr. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 561/1989, um greiðslu virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Ákvæði reglugerðar þessarar um endurgreiðslu virðisaukaskatts taka til kaupa á vinnu og þjónustu, sbr. 12. gr., frá og með 1. janúar 1990.

*Fjármálaráðuneytið, 7. júní 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*

6. júní 1990

Nr. 249

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga  
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

## 1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjald álagt árið 1990 skal nema 0,43% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 543/1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

8. júní 1990

Nr. 250

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs.**

## 1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður, sem verður 18. tl., er orðist svo:

Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 5.–8. tl. . . . .

1 200

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 1. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði.**

## 1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður mæla með því má veita undanþágu frá 1. mgr. vegna gistingar á einkaheimilum og gistiheimilum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. maí 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*